

# Snjalltrygging

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 293 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Snjalltrygging er einföld trygging sem tryggir snjalltæki, tölvur, reiðhjól og rafhlaupahjól. Þessi trygging er hugsuð fyrir ungt fólk sem býr í foreldrahúsum og er eigin áhætta í henni lægri en í Fjölskylduvernd og afskriftir hægari, sem þýðir að útgreiddar bætur vegna tjóns geta verið hærri.



#### Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóna af völdum skyndilegra, utanaðkomandi orsaka.
- ✓ Þjófnaðar úr heimahúsi.



#### Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki:

- × Slit sem leiðir af eðlilegri notkun.
- × Þjófnað annars staðar en úr heimahúsi nema um innbrot sé að ræða



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin nær ekki yfir tjón sem veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hlutarins .



#### Hvar gildir tryggingin?

- Snjalltrygging gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis í allt að 90 daga.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að fylgja leiðbeiningum framleiðanda um umhirðu.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í Netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



#### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

---

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.